

Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir

† Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir fæddist í Vestmannaeyjum 16. janúar 1929. Hún lést á Landspítalanum, Landakoti, 25. október sl.

Hún var dóttir hjónanna Hindríku Júlíu Helgadóttur húsmóður, f. 2. júlí 1894, d. 27. febrúar 1968 og Sveinbjörns Ágústssonar Benónýssonar mímara og skálds, f. 8. ágúst 1892, d. 31. maí 1965.

Systkini Jóhönnu voru Sigurður Friðhólm, f. 5. september 1923, d. 1. nóvember 1990 og Herbert Jóhann, f. 9. júlí 1925, d. 12. janúar 1984.

Jóhanna giftist 10. september 1958 Friðrik Péturssyni kennara, f. 9. apríl 1924, d. 30. júlí 2009. Foreldrar hans voru Sigríður Elín Jónsdóttir húsmóðir, f. 10. nóvember 1893, d. 30. mars 1984 og Pétur Friðriksson bóndi, f. 18. júní 1887, d. 9. september 1979. Sonur þeirra er Ríkharður Helgi Friðriksson tónlistarmaður, f. 5. nóvember 1960. Börn hans og fyrrum sambyliskonu, Svanhildar Bogadóttur borgarskjalavardar, f. 27. nóvember 1962, eru Jóhanna Vig-



dís, f. 8. ágúst 1991 og Kristín Helga, f. 14. mars 1993, báðar menntaskólanemar.

Að loknu landsprófi vann Jóhanna í Kaupfélaginu í Vestmannaeyjum þar til hún giftist og sinnti eftir það húsmóðurstörfum og barnaupplendi. Eftir alvarleg veikindi í kringum þrjúguldurinn, varð heimilið hennar aðalstarfs-

vettvangur og setti hún þar metnað sinn í að sinna fjölskyldunni, yrkja ljóð, stunda hannyrðir og starfa sem almennur gleðigjafi allra í kringum sig. Hún flutti ásamt fjölskyldu sinni til Kópavogs árið 1968 og bjó þar til áviloka, en var þó ávallt Vestmannaeyingur í hjarta sínu og heimsótti æskustöðvarnar reglulega. Um árabil söng hún einnig með kór eldri borgara í Kópavogi. Eftir Jóhönnu liggur fjöldi óútfærinna ljóða og nokkur lög. Einnig skrifaði hún greinar í Þjáfarblöð í Vestmannaeyjum, sem flestar fjalla um mannlíf á æskuárum hennar.

Jóhanna verður jarðsöngin í Kópavogskirkju í dag, 6. nóvember, og hefst athöfnin kl. 15.

Það er alveg sama þótt skynsemin segi okkur að allir verði að fara einhvern tíma. Það kemur manni alltaf á óvart þegar það gerist. Þannig var það með mömmu. Þrátt fyrir tæpa heilsu datt manni ekki í hug eitt augnablik að hún væri kannski á förum og varð smám saman sannfærður um að hún yrði alltaf til staðar. Það var því reiðarslag þegar hún dó. Nú er lokið mikilvægu tímabili og lífið verður aldrei samt aftur. Tómarúmið er stórt.

Þótt mamma væri heilsulaus var langt því frá að hún væri orkulaus. Eftir á að hyggja er ótrúlegt hvað hún náði að afreka yfir ævina. Eftir hana liggur mikið magn af ljóðum, söng, veislum, hannyrðum og, ekki síst, jákvæðum straumum sem hún geislaði út frá sér til allra sem hún hitti.

Engum líða úr minni veislurnar sem hún hélt. Nóg var af kökunum en það sem gerði veislurnar svo sérstakar voru ljóðin sem hún orti fyrir þær og söngurinn sem var ómissandi hápunktur þeirra. Þar var hún í fararbroddi með gítarinn og englaróddina.

Ekki var heldur spóruð orkan sem fór í uppeldi mitt. Ást mömmu og væntumþykja var alger og gegnheil; það var alltaf nógur tími fyrir mig. Þar var stanslaus sköpun í gangi. Við skálduðum upp sögur; saman bjuggum við til heilan fantasíuheim með fjölda skemmtilegra persóna. Þetta lagði línurnar fyrir minn feril seinna, sem hefur einmitt gengið út á sköpun. Hún var líka fyrsti gítarkennarinn minn. Hugsanlegir tæknilegir vankantar hurfu algerlega í skuggann af fólkskvalausri ást á tónlist. Það var það sem skipti máli.

Þegar barnabörnin komu fór ferlið í gang aftur. Hún fór að miðla þeim af allri sinni kunnáttu í að syngja, spila, teikna, fönndra, þrjóna og almennt að búa til eitthvað fallegt í víðasta skilningi.

Þegar mamma var komin á sextugsaldur kom fyrst píanó á heimilið. Hún var undrafljót að kenna sjálfri sér á það. Þá gerði maður sér fyrst ljóst hvað tónlistarhæfileikar hennar voru í rauninni miklir.

Alveg sama hvað ég var kominn langt frá hennar heimi, þá var stuðningur hennar við mín tónlistarstörf skilyrðislaus og alger. Það var sama hversu ógnvekjandi útlitandi pónkarar dúkkuðu upp í bílskúrnum, alltaf var þeim boðið upp á kaffi og kökur. Það var sama hversu mikið nágrannarnir kvörtuðu yfir hávæða. Þrosið hennar mýkti þá upp og áfram var spilað í bílskúrnum. Síðar, þegar ég fór að gera öllu torskildari tónlist,

fylgdi mamma mér alla leið í því líka og var óþreytandi við að sækja tónleika og styðja mig á allan hátt.

Mamma gat alltaf náð sambandi við fólk. Ég man er hún heimsótti mig til Hollands. Hún talaði bara sína íslensku og brosti sínu fegursta. Einhvern veginn skildu hana allir. Það er ótrúlegt hvað hægt er að komast langt á jákvæðri hugsun.

Fráfall þabba í sumar var mömmu geysilegt áfall. Þegar þessi klettur í lífi hennar um áratugaskeið var farinn var lítið eftir fyrir hana að lifa fyrir. Henni fannst eins og hún væri búin að gráta öllum tiltækum tábirgðum. Þá var kannski lítið eftir nema að kveðja sjálf? Megi hún hvíla í friði. Við hin munum áfram eiga allar fallegu minningarnar um hana.

Ríkharður H. Friðriksson.

Þegar við Ríkki kynntumst fyrir rúnum 25 árum tók Hanna mér strax opnum örmum inn í fjölskylduna.

Hanna var falleg, gáfuð og skynsöm kona og það geislaði af henni hvar sem hún var. Hún var félagslynd, mikill ljóðaunandi, tónelsk, spilaði jafnt á gítar sem píanó og kunnig ógrýnni af lögum. Hún samdi tækifærsljóð við hvert tækifæri og jafnvel einnig lög við, skrifaði þau fallega upp og hengdi upp á vegg eða færði sem gjöf. Ljóð hennar til mín eru með dýrmætustu gjöfum sem ég hef fengið. Þau voru síðan fjölfölduð og sungin af öllum gestum. Frænkur hennar leiddu gjarnan sönginn með henni og hún naut þess að fá fólk til að syngja.

Hún naut þess líka að hlusta á tónlist, ekki síst með Vestmannaeyingum enda alltaf Vestmannaeyingur í anda. Sem dæmi má nefnda að um síðustu verslunarmannahelgi heyrði ég beina útsendingu frá brekkusöng og hringdi til hennar. Að sjálfsögðu þurfti ekki að segja henni það – hún var með útvarpið stillt og með þeim í anda.

Allir voru velkomnir á heimili Hönnu og það var mikil glæðverð í afmælum og veislum hjá henni og í kringum hana. Síðustu árin var fastur liður hjá fjölskyldu minni að fara til hennar og á Rútstún á 17. júní. Ég lærði af henni að það er alltaf hægt að finna eitthvað til að halda upp á og gleðjast með sínum. Töfra fram köku og eiga ánægjulega stund saman.

Yndi Hönnu var Ríkki og hann var hennar líf og sál. Hún studdi hann fullkomlega í öllu sem hann tók sér fyrir hendur, hvort sem það var klassískur gítarleikur, spilamennska

með Fræbbblunum eða raftónlist. Hún þekkti alla sem hann var að spila með og kom helst á alla tónleika.

Hanna var alsæl með barnabörnin og taldi forréttindi að gæta þeirra þar til þær fóru í leikskóla. Hún hafði alltaf pappír og líti við höndina og hvatti þær til að teikna og lita og ekki síður við tónlistariðkun en hún kenndi þeim gítargrip. Hún þrjónaði fyrir þær, setti upp hús með teppum og fann upp á leikjum fyrir þær. Þegar Rósa Dís fæddist tók hún henni eins og barnabarni, sýndi henni mikla hlýju og umhyggju og lét sig ekki vanta í afmæli hennar.

Hanna hafði unun af ferðalögum og að vera innan um fólk. Hún fór oft í stuttar ferðir með Jóhönnu og Kristínu, til dæmis upp í Heiðmörk eða í Litlu kaffistofuna. Þegar hún komst ekki á Þjóðhátíð fór hún í stað þess á Þingvelli með hústjald, borð og stóla og tjaldaði innan um aðra.

Einkar minnisstætt er ferðalag hennar með okkur Jóhönnu nöfnu hennar til Hollands 1992 þegar Jóhanna var sex mánaða. Þar algjörlega blómstraði hún og lærði að fara í sporvagna, lestir og jafnvel rúllustiga.

Síðasta skiptið sem Hanna kom til okkar var á afmælisdegi Jóhönnu nöfnu sinnar í ár. Eftir afmælisönginn fékk hún Friðrik minn til að spila nokkur lög á píanó. Það var notaleg stund saman.

Ég kveð Hönnu með sökuði og þakka henni fyrir allar góðu stundirnar saman, öll símtölin og alla hlýju á minn og okkar garð. Mírar innilegustu samúðaróskir til Ríkka og Eyglóar, Jóhönnu og Kristínar og annarra vina og vandamanna.

Svanhildur Bogadóttir.

Það var alltaf jafn gaman að koma til ömmu og afa á Borgarholtsbrautina og var alltaf tekið jafn vel á móti manni. Þegar við systurnar komum í heimsókn var strax farið í bakaríð og keypt bakkelsi og svo lagað kóko.

Amma var líflæg og skemmtileg manneskja sem sýndi alltaf áhuga á því sem maður var að gera í hinu daglega lífi og hlustaði á mann með áhuga. Hún hafði yndi af söng og ljóðum og kenndi hún mér meðal annars grip á gítar og heilmikið af lögum. Amma samdi fyrir mig ljóð þegar ég fermdist og þótti mér mjög vænt um það og er stolt af því að hafa átt ömmu sem gat ort ljóð og vísur. Gaman fannst mér að því að hlusta á hana segja sögur frá Vestmannaeyjum og þegar við sungum saman söngva. Við fórum oft í langa bíltúra og enduðum til að mynda í Heiðmörk að borða gömsætt nesti eða jafnvel í Eden í Hveragerði að fá okkur ís.

Þegar ég hugsa um ömmu kemur upp í hugann fullt af góðum og hlýlegum minningum. Hún var góðhjörtoð manneskja sem mun skilja eftir sig stórt skarð hjá þeim sem þóttu vænt um hana. Henni þótti svo óendanlega vænt um okkur og okkur um hana. Nú er hún Hanna amma mín farin og ég sakna hennar afar sárt. En góðar minningar mínar um hana munu lifa áfram í huga mínum.

Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir.

Ég sat í framsætinu meðan við bókkuðum út úr innkeyrslunni og amma stóð í eldhúsglugganum þrygð hlýlega brosinu sínu og vinkaði. Ég gat ekki hætt að vinka og hugsaði á afar ódjúpan fjögurra ára hátt um hvað ef ég sæi hana aldrei aftur. Hugsunin hræddi mig. Ég vinkaði allan tímann þangað til við hættum að sjá hana. Tilfinningin sem fylgdi því að kveðja ömmu eftir góða samveru var ólysánleg.

Hún amma var þessi krúttlega amma með sætt bros, bollukinnar og eina manneskjan sem ég þekkti sem talaði um að laga kóko. Amma tók því alltaf rólega, stress var eitthvað frumstætt, sem var ekki til. Hjá ömmu snerist allt um kaffið. Laga kaffi var orðatiltæki sem maður heyrði í hvert einasta skipti sem maður hittði hana. Snúðar, tebollur, suðusúkkulaði, vinarbraud og jólakaka í bland við kaffi, te eða hvað sem hugurinn girntist. Afí fór í bakaríð og amma lagði á borð. Þannig virkuðu þau best.

Amma var mikið fyrir að segja sögur. Flestar sögurnar hennar ömmu

voru frá besta tíma lífs hennar, þegar hún var heppnasta stelpa í öllum Vestmannaeyjum. Ekki einungis fékk hún að læra á gítar ókeypis hjá Sigurbirni Sveinsson, sem hún lýsti með sterkum orðum, heldur fékk hún gítar í fermingargjöf frá Guðríði. Sigurbjörn kenndi henni líka ensku og tók hana í tíma hvernig hún ætti að banka á dyr og segja Go od afternoon! Amma sýndi mér ókuskríteinið sitt og sagði mér stolt frá því að hún hefði nú verið fyrsta stúlkan til að fá bílpróf í Vestmannaeyjum.

Frábær er saga ömmu frá því að bekkurinn tók sig til á skólaballi og setti rautt efni fyrir ljósið í salnum til að skapa meiri rólmó stemningu. Þegar skólastjórnin kom á ballið var ekki nóg með að það væri rauð birta af ljósinu heldur höfðu nokkrir krakkar tekið upp á því að vanga. Hann var vægast sagt óhræst með þetta og kom með nýja reglu: Bannað að vanga!

Amma hafði mikinn áhuga á bókmenntum. Ég gerði mér eiginlega bara grein fyrir því þegar afi var á spítalanum og það koma stúlka heim að lesa fyrir hana Sölu Völlu. Amma gat ekki beðið eftir að stúlkan kæmi. Þegar hún loks kom áttum við að fara í stellingar og hlusta. Eftir lesturinn borðuðu þær vanalega snúða, drukku kaffi og ræddu um hvenær Arnaldur og Salka ætluðu nú eiginlega að fara að taka saman. Þetta var hefðin! Amma talaði um að hún hefði viljað læra íslenskar bókmenntir.

Í nístandi kulda og stormi er gott að koma inn í vægast sagt heita íbúð ömmu og afa. Henda af sér yfirhöfnun. Ég finn hvernig svitinn byrjar að myndast á enni mínu. Í svefnherberginu situr amma í rólegheitunum með þetta hlýlega bros, býður mig velkomna og spyr hvort mér sé nú ekki kalt? Ég þarf ekki að hugsa mig lengi um þar sem ég er stódd inni í 41°C íbúð og svitinn byrjaður að leka af enninu og neita. Amma bætir mjög kurteislega við hvort ég vilji ekki fá teppi, ég sé nú í svo flegnu. Ég lit niður á brúnan vintage-kjól sem nær upp í háls en er ekki með neinum ermum. Ég þigg teppið, sem ég legg yfir axlirnar, og líður eins og heimurinn sé að bráðna.

Takk fyrir allt amma!

Kristín Helga Ríkharðsdóttir.

Elsku tanta mín – þá er þessu lokið hérna megin og þú komin í faðm Friðriks aftur.

Þegar ég hugsa til baka er mér efst í huga ljúfi heimilisbragurinn sem maður upplifði í hverri heimsókn til ykkar Friðriks. Þær voru svo notalegar stundirnar í gamla eldhúsinu – heitt súkkulaði, bakkelsi og skemmtilegar samræður – þó þeim hafi því miður farið fækkandi undanfarin ár. Það var eins og að detta inn í annan heim – enginn asi, bara ljúfar stundir við kertaljós og gamansögur.

Ég var ekki há í loftinu þegar ég kom fyrst á Borgarholtsbrautina og því líkt ævintýri. Hljóðfæri hvert sem lítið var, bækur og allra handa fróðleikur. Frelsið var algjört í allri dýrðinni og þá var nú auðvelt að spinna nýjan og nýjan leik og jafn erfitt að þurfa að hætta til að fara heim. Veislurnar voru líka alveg einstakar og mjög ljúf minning sem tengist því þegar þú dreifðir, fyrst handskrifuðum en síðan útprentuðum, vísur sem þú hafðir samið í til efni dagsins. Ávallt glens og glatt á hjalla.

Í minningunni ert þú, Hanna mín, björt eins og engill með fallega brosið þitt og ljúfu lundina, og Friðrik þér við hlið. „Engar áhyggjur elskurnar mínar,“ heyrir ég þig segja um leið og við kveðjum.

Elsku Ríkki, Jóhanna og Kristín – þið hafið misst yndislega móður og ömmu en hún er komin í góðar hendur og á fallegan stað. Við fjölskyldan sendum ykkur innilegar samúðarkeðjur við fráfall elskulegrar töntu.

Heiður Reynisdóttir.

Nú er komið að kveðjustund. Hanna, kær föðursystir mín, sem

var stór hluti af lífi mínu hefur kvatt. Margar minningar frá bernskuárunum koma upp í hugann á þessum tímamótum. Þá bjuggum við í sama húsi. Það var oft glatt á hjalla á Brekastígnum og mikið sungið, enda systkinin öll mjög músikölsk og spiluðu á margskonar hljóðfæri. Sigurbjörn Sveinsson rithöfundur bjó í næsta húsi. Oft var minnst á hvað það var gaman að fara til hans í gítartíma. Þá var mikill samgangur á milli fólks og heimsóknir tíðar. Á góðviðrisdögum var gjarnan farið út á blett með kaffi og kökur og komu þá nágrannakonurnar í selskapinn.

Hanna hafði dálæti á ljóðum, enda skáldkona sjálf. Eftir hana liggur mikið af birtu og óbirtu efni, enda var hún oft beðin um tækifærsvísur. Á afmælisdegi sínum var hún alltaf tilbúin með nýjan brag, „Ljóð dagsins“, sem var sunginn af afmælisgestunum sem höfðu jafnan gaman af. Oft var líka gripið í gítarinn og sungið þegar gesti bar að garði við önnur tilefni.

Á seinni árum fór hún að hanna og þrjóna dúkkuföt. Hanna tók nokkrum sinnum þátt í samsýningum listafólks í Gjabakka með dúkkurnar sínar og fleiri hluti. Veit ég að þeir eru margir sem hafa fengið fallegar þrjónavörur frá henni í jólagjöf.

Einnig var Hanna í Söngvinum, kór eldri borgara í Kópavogi og söng með þeim á meðan heilsan leyfði. Kórstarfið veitti henni mikla ánægju.

Friðrik var alla tíð hennar stóra ást, hann var hennar stoð og stytta í veikindunum sem hún átti við að stríða lengst af. Þrátt fyrir það var alltaf stutt í brandara eða upprifjun á einhverju skemmtilegu. Hún vildi síst af öllu vera leiðinleg. Gleðigjafi, það var hún þegar því varð við komið.

Hanna hafði t.d. mjög gaman af því að rifja upp þegar hún flaug ein til Hollands að heimsækja Ríkka og fjölskyldu hans, sem bjuggu þar á þeim tíma. Þar dvaldi hún í góðu yfirlæti og sá margt sem var ódrúvisi en hún átti að venjast hér heima. Þá var í upphaldi að fara í tjaldtúlegu á Þingvöllum, finna ilminn af gróðri og njóta útiverunnar á fallegum stað.

Nú eru þau hjónin bæði látin en eftir lifa minningar um skemmilegar stundir. Um leið og ég þakka samveruna, þá óska ég ykkur góðs gengis í nýjum heimkynnum. Kveðja, Helga Herbertsdóttir.

Mikil hlýja og lífsgleði er það sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa um hana Hönnu töntu, ástkaera afa-systur mína, nú er horfin á braut. Það var alltaf gríðarlega gott að koma á Borgarholtsbrautina til þeirra Friðriks og við þabbi minn höfum haft það fyrir síð á aðfangadag að enda okkar hefðbundnu vísiteringu hjá þeim hjónum. Að setjast inn í eldhús við kertaljós og smákökur, spjalla um atburði líðandi stundar sem og jól og jólahæfir í Vestmannaeyjum og fyrir vestan var orðin örjúfanleg hefð. Heimasmíðaða jólatréð og allir nissarnir og svo símtalið frá mömmu þegar hana var farið að lengja eftir okkur, jólín verða ekki sóm héðan í frá.

Hanna var mikil selskapskona og það fara fáir í hennar spor þegar kemur að stemningu. Fljótandi kerti í skál, serviettur, seríur, gítarspil og söngur, að ógleymdum smitandi dillandi hlátrinum gerðu afmælisboðin hennar ógleymanleg og ég tala nú ekki um þann lúxus að mega leika undir borði, eitthvað sem Hanna hvatti frekar en latti litlar stelpur til að gera.

Það búa ekki margir við það ríki-dæmi að eiga aukasett af ömmu og afa en það var nákvæmlega það sem þau Hanna tanta og Friðrik voru mér, höfðingleg hjón heim að sækja og þeirra verður sárt saknað en þau skilja að sama skapi eftir sig svo stóra arfleifð, okkur öll sem vorum svo heppin að fá að þekkja þau.

Sigríður Reynisdóttir.

● Fleiri minningargreinar um Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttur búa birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.